

3 skjöl, nr. 4, 5 og 6, sem ekki eru innfærð í réttargjörðirnar og hafa heldur ekki komið fram í yfirdóminum á annan hátt, en á skjölum þessum er þó hinn áfrýjaði úrskurður byggður. Með því að áfrýjandinn hefir þannig eigi lagt fram fullnægjandi réttargjörðir eins og boðið er í N. L. 1—6—10 sbr. 1—5—13, verður að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum og ber áfrýjandanum að greiða stefndu, sem hafa látið mæta fyrir sig í dóminum, ómakslaun er ákveðast 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Áfrýjandinn Þórður J. Thoroddsen greiði hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbanka Íslands í ómakslaun 10 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 13. dag febrúarmán,

Nr. 64/1910.

Ólafur Theódórsson
gegn

H/f P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r:

Haustið 1909, 6. nóv., lét hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. í Reykjavík, sem stefnt er í þessu máli, kyrsetja fjármuni Ólafs snikkara Theódórssonar til trygg-

ingar skuld, er það taldi til hjá honum fyrir byggingar-efni, kr. 1526,69, og að því búnu höfðaði félagið mál þetta á hendur áfrýjanda til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu á skuldinni. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 13. maí f. á., og lauk því svo, að kyrsetningargjörðin var staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu 1397 kr. 90 aur. (á að vera 1387 kr. 90 aur.) með 6% vöxtum frá 1. nóv. 1909 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. nóv. f. á., og krafist þess, að verða sýknaður af umstefndri skuld að því leyti, er hann hefir krafist þess fyrir undirrétti, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags er krafist staðfestingar á bæjarþingsdómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Fyrir undirréttinum nam krafa hlutafélagsins kr. 1526,69, sem fyr segir, en í dóminum voru dregnar frá þessari upphæð kr. 138,79, vextir, sem áfrýjanda var álitid óskylt að borga, auk þess krafðist áfrýjandi niðurfærslu á kröfunni um kr. 344,41, eða 8% af kr. 2900,00, er hann greiddi stefndu í peningum upp í viðskiftin, með því hann taldi sig eiga rétt á þessum afslætti, samkvæmt verzlunarvenju í Reykjavík og sérstaklega viðskiftavenju hinna stefndu; þessum afsláttarkröfum hratt bæjarþingsdómurinn, en áfrýjandi heldur því nú fram fyrir yfirdóminum, að þær verði teknar til greina, en að öðru leyti krefst hann eigi breytingar á dómnum.

Það er nú eigi sannað, að þannig háttuð venja, sem áfrýjandi byggir á kröfu sína um afslátt á skuldinni, eigi

sér stað í Reykjavík, eða við verzlun hinna stefndu sérstaklega, en skýrslur málsins um þetta atriði benda að eins til þess, að þeim viðskiftamönnum, sem standa í skilum eða greiða skuld sína að fullu, þegar viðskiftum er lokið, sé veittur slíkur afsláttur, og þar sem áfrýjandi hefir að eins greitt rúmlega $\frac{2}{3}$ hluta af skuld sinni til stefndu, getur þessi venja ekki náð til hans, því að þótt hann hafi boðið þeim að framselja skuldabréf upp í nokkuð af skuldinni og veð fyrir henni, þá verður þetta eigi talið lögmætt tilboð um greiðslu á skuldinni eða fullnægjandi skil af hálfu áfrýjanda. Það er þannig á nægum rökum bygt, að undirdómurinn tók eigi til greina þessa kröfu áfrýjanda um niðurfærslu á skuldinni, og með því að eigi er fundið að hinum áfrýjaða dómi að öðru leyti, ber að staðfesta hann, þó þannig, að upphæðinni í dómsniðurlaginu, 1397 kr. 90 aur., sé breytt í 1387 kr. 90 aur., þar sem hitt er ritvilla.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal óraskaður, þó svo, að greiðsluupphæðin sé 1387 kr. 90 aur. Áfrýjandi Ólafur Theódórsson greiði stefndu, hlutafalaginu P. J. Thorsteinsson & Co., 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.